# Snæfellsbær

Ársreikningur

# 2011

# Snæfellsbær
# Samstæða

## Ársreikningur

# 2011

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5-6 |
| Sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-25 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar.**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Snæfellsbæjar fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reikningsskilareglur sveitarfélaga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Snæfellsbæjar á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög og reikningsskilareglur sveitarfélaga.

Snæfellsbær, 2012

**Deloitte ehf.**

Jónas Gestur Jónasson
endurskoðandi

# Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Snæfellsbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Starfseminni er skipt í A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B-hluta eru fyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar sem eru: Félagsheimilið Klifi, Félagsheimilið Röst, Veitustofnanir Snæfellsbæjar, Hafnarsjóður Snæfellsbæjar, Húsnæðisnefnd Snæfellsbæjar, Leiguíbúðir með hlutareign og Dvalarheimilið Jaðar.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 1.850 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 1.596 milljónum króna. Rekstrartekjur A-hluta námu um 1.480 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 1.279 milljónum króna.

Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins námu um 805 milljónum króna en starfsmannafjöldi sveitarfélagsins nam 136 stöðugildi í árslok.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð að fjárhæð um 216 milljón króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 124 milljónum króna afkomu. Rekstrarafkoma A-hluta var jákvæð að fjárhæð 174 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 128 milljónir króna afkomu.

Heildareignir bæjarsjóðs námu um 2.870 milljón króna og heildareignir sveitarfélagsins í samanteknum ársreikningi um 3.679 milljónum króna í árslok 2011. Heildarskuldir bæjarsjóðs námu um 1.352 milljónum króna og í samanteknum ársreikningi um 1.776 milljónum króna á sama tíma. Eigið fé bæjarsjóðs nam um 1.518 milljónum króna og eigið fé í samanteknum reikningsskilum nam um 1.903 milljónum króna í árslok 2011.

Hlutfall reglulegra tekna af heildarskuldum og skuldbindingum er 101,78% hjá sjóðum í A-hluta, var 114,45% árið 2010 og 104,55% í samanteknum ársreikningi en var 116,45% árið 2010. Samkvæmt 64. gr 2. málsgr sveitastjórnarlaga á þetta hlutfall ekki að vera hærra en 150%.

Íbúafjöldi í Snæfellsbæ 1. desember 2011 var 1.735 og var fjölgun um 11 einstaklinga frá fyrra ári.

Ársreikningur Snæfellsbæjar fyrir árið 2011 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Snæfellsbær 30. apríl 2012

**Bæjarstjóri:**

**Bæjarráð:**

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar staðfestir hér með ársreikning Snæfellsbæjar fyrir árið 2011 með undirritun sinn.

Snæfellsbær, 2012

**Bæjarstjórn**

# Rekstrarreikningur ársins 2011

| | Skýr | Sveitarsjóður 2011 | Sveitarsjóður Áætlun | Sveitarsjóður 2010 | Samantekinn ársreikningur 2011 | Samantekinn ársreikningur Áætlun | Samantekinn ársreikningur 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóða | | 862.028 | 710.500 | 743.352 | 862.028 | 710.500 | 743.352 |
| Framlag úr jöfnunarsjóði | | 246.841 | 219.000 | 265.990 | 246.841 | 219.000 | 265.990 |
| Aðrar tekjur | | 371.406 | 349.462 | 194.691 | 741.216 | 666.816 | 549.977 |
| **Tekjur** | | 1.480.275 | 1.278.962 | 1.204.033 | 1.850.085 | 1.596.316 | 1.559.320 |
| Skattar og önnur opinber gjöld | | (15.336) | (15.275) | (14.380) | (23.904) | (24.229) | (23.025) |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 4 | (684.981) | (627.929) | (613.952) | (804.572) | (741.994) | (719.290) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (329.177) | (251.374) | (318.822) | (416.479) | (345.826) | (402.687) |
| Afskriftir | 8 | (46.635) | (40.027) | (41.194) | (95.057) | (88.652) | (85.455) |
| Styrkir og framlög | | (171.427) | (137.205) | (105.927) | (171.427) | (127.854) | (119.127) |
| **Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði** | | 232.719 | 207.152 | 109.758 | 338.646 | 267.761 | 209.735 |
| Fjármunatekjur | 5 | 38.298 | 7.750 | 44.962 | 8.575 | 8.081 | 27.157 |
| Fjármagnsgjöld | 6 | (97.022) | (87.040) | (81.022) | (130.999) | (151.712) | (109.567) |
| **Rekstrarafkoma ársins** | | 173.995 | 127.862 | 73.698 | 216.222 | 124.130 | 127.325 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

| Eignir | Skýr. | Sveitarsjóður 31.12.2011 | Sveitarsjóður 31.12.2010 | Samantekinn ársreikningur 31.12.2011 | Samantekinn ársreikningur 31.12.2010 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Fasteignir, lóðir og lendur | 8 | 1.469.305 | 1.474.145 | 2.033.820 | 1.965.192 |
| Veitukerfi | 8 | 0 | 0 | 389.793 | 395.582 |
| Hafnarmannvirki | 8 | 0 | 0 | 439.564 | 412.776 |
| Gatnakerfi | 8 | 161.918 | 138.759 | 161.918 | 138.759 |
| Áhöld og tæki | 8 | 82.689 | 87.752 | 90.709 | 94.973 |
| Eignarhlutur í félögum | 9 | 247.823 | 231.922 | 247.868 | 231.967 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki B | | 605.607 | 527.038 | 0 | 0 |
| Aðrar langtímakröfur | 10 | 4.593 | 6.038 | 4.593 | 6.038 |
| | | 2.571.935 | 2.465.654 | 3.368.264 | 3.245.287 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Vörubirgðir | | 360 | 360 | 5.343 | 5.812 |
| Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur | 11 | 133.329 | 105.488 | 146.503 | 125.210 |
| Næsta árs afb. langtímakrafna | | 13.048 | 15.665 | 572 | 2.336 |
| Aðrar skammtímakröfur | 11 | 432 | 10.287 | 432 | 11.996 |
| Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki B | | 49.772 | 53.563 | 0 | 0 |
| Handbært fé | 11 | 101.271 | 99.387 | 157.570 | 140.477 |
| | | 298.211 | 284.749 | 310.419 | 285.830 |
| **Eignir** | | 2.870.147 | 2.750.403 | 3.678.683 | 3.531.117 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

| | | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | Skýr. | 31.12.2011 | 31.12.2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| **Eigið fé** | 12 | | | | |
| Eigið fé | | 1.517.977 | 1.372.383 | 1.903.035 | 1.715.213 |
| Eigið fé | | 1.517.977 | 1.372.383 | 1.903.035 | 1.715.213 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 13 | 367.159 | 348.925 | 367.159 | 348.925 |
| Langtímalán | 14 | 764.762 | 825.222 | 1.146.711 | 1.208.485 |
| Búseturéttur | 15 | 0 | 0 | 9.091 | 11.512 |
| | | 1.131.921 | 1.174.147 | 1.522.961 | 1.568.922 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Viðskiptaskuldir | 16 | 60.008 | 39.306 | 67.696 | 58.563 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 16 | 107.512 | 117.816 | 127.976 | 136.134 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 16 | 52.728 | 46.752 | 57.015 | 52.285 |
| | | 220.248 | 203.873 | 252.687 | 246.982 |
| Skuldir og skuldbindingar | | 1.352.169 | 1.378.020 | 1.775.648 | 1.815.904 |
| **Eigið fé, skuldir og skuldbindingar** | | 2.870.147 | 2.750.403 | 3.678.683 | 3.531.117 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2011

| Rekstrarhreyfingar | Skýr. | Sveitarsjóður 2011 | Sveitarsjóður 2011 áætlun | Sveitarsjóður 2010 | Samantekinn ársreikningur 2011 | Samantekinn ársreikningur 2011 áætlun | Samantekinn ársreikningur 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarafkoma ársins | | 173.995 | 127.862 | 73.698 | 216.222 | 124.130 | 127.325 |
| Afskriftir | 8 | 46.635 | 40.027 | 41.194 | 95.057 | 88.652 | 85.455 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | | 18.235 | 10.000 | 6.302 | 18.235 | 10.000 | 6.302 |
| Verðbætur og gengismunur af langtímaskuldum | | 25.965 | 25.915 | 9.897 | 65.098 | 65.890 | 31.390 |
| **Veltufé frá rekstri** | | 264.829 | 203.804 | 131.092 | 394.612 | 288.672 | 250.473 |
| Vörubirgðir, breyting | | 0 | 0 | 0 | 480 | 0 | 0 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun | | (17.986) | (1.776) | 11.813 | (9.740) | 1.854 | 8.149 |
| Rekstrartengdar skuldir (lækkun) | | 26.684 | (20.523) | (9.011) | 15.773 | (24.675) | (8.824) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 273.526 | 181.505 | 133.893 | 401.126 | 265.851 | 249.798 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | | | |
| Afborganir langtímaverðbréfa | | 3.950 | 0 | 0 | 3.950 | 0 | 16.074 |
| Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum | 8 | (88.291) | (80.540) | (84.537) | (231.979) | (220.243) | (213.957) |
| Keypt fjárfestingaverðbréf | | (15.901) | (15.401) | (11.000) | (15.901) | (15.401) | (11.000) |
| Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting | | (58.494) | (10.452) | (21.368) | 0 | 0 | 0 |
| | | (158.736) | (106.393) | (116.905) | (243.931) | (235.644) | (208.883) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | | |
| Ný langtímalán | 14 | 0 | 0 | 80.000 | 0 | 30.000 | 80.000 |
| Afborganir langtímaskulda | | (116.697) | (117.816) | (175.394) | (137.082) | (136.445) | (192.551) |
| Breyting búseturéttar | | 0 | 0 | 0 | (3.021) | 0 | 0 |
| Viðskiptastaða eigin fyrirtækja breyting | | 3.791 | (27.691) | (21.655) | 0 | 0 | 0 |
| | | (112.906) | (145.507) | (117.049) | (140.103) | (106.445) | (112.551) |
| Lækkun handbærs fjárs | | 1.884 | (70.395) | (100.061) | 17.092 | (76.238) | (71.636) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 99.387 | 99.387 | 199.448 | 140.477 | 140.478 | 212.113 |
| Handbært fé í lok árs | | 101.271 | 28.992 | 99.387 | 157.570 | 64.240 | 140.477 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B-hluta. Til a-hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð og þjónustumiðstöð.

Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Hafnarsjóður, Félagsheimilið á Klifi, Félagsheimilið Röst, Fráveita, Húsnæðisnefnd, Dvalarheimilið Jaðar og Leiguíbúðir með hlutareign.

Ársreikningur Snæfellsbæjar fyrir árið 2011 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning.

Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar fyrir árið 2011 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

### Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustumiðstöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

### Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og B-hluta fyrirtækja. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga.
Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.
Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur er færður í rekstrarreikning.

| | Meðalgengi ársins | | Árslokagengi | |
|---|---|---|---|---|
| | 2011 | 2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Evra (EUR) | 161,42 | 161,89 | 158,84 | 153,80 |
| Bandaríkjadalur (USD) | 116,07 | 122,04 | 122,71 | 115,05 |
| Sterlingspund (GBP) | 186,00 | 188,55 | 189,43 | 178,47 |
| Kanadadalur (CAD) | 117,31 | 118,46 | 120,21 | 115,26 |
| Dönsk króna (DKK) | 21,67 | 21,74 | 21,37 | 20,64 |
| Norsk króna (NOK) | 20,70 | 20,21 | 20,40 | 19,67 |
| Sænsk króna (SEK) | 17,88 | 16,96 | 17,79 | 17,16 |
| Svissneskur franki (CHF) | 131,20 | 117,24 | 130,66 | 122,91 |
| Japanskt jen (JPY) | 1,4583 | 1,3927 | 1,5853 | 1,4143 |

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili þegar hann fellur til.

### Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu er færð í rekstrarreikning.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur þeim muni nýtast í rekstrinum og unnt er að meta kostnað vegna þeirra með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, en það samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2010 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, 1/2010 Færsla leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja í bókhald og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélag skal færa inn í efnahagsreikning sinn alla leigusamninga vegna fasteigna og annarra mannvirkja. Bókfært verð þeirra skal ákvarðast út frá fjárhæð skuldbindingar þegar samningar voru gerðir að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum frá þeim tíma. Skuldbindingar vegna leigusamninga skulu færðar til skuldar í efnahagsreikningi miðað við framreiknaðar eftirstöðvar þeirra þegar samningur var gerður. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna Eignasjóðs, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirðis samkvæmt áliti 2/2010, en þó eigi hærra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur Eignasjóðs eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði.

### Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar sveitarsjóðs í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarsjóðs og ekki er færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs.

Eignarhlutar B hluta fyrirtækja í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánakjör segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanefndum við innheimtu þeirra, sbr. kafla hér framar um niðurfærslu eigna.

### Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand.

### Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar í efnahagsreikning ef líklegt þykir að sveitarfélagið verði fyrir útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 2011 | Fjárhags-áætlun 2011 | 2011 | Fjárhags-áætlun 2011 |
| **Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs** | | | | |
| Útsvör | 744.465 | 601.000 | 744.465 | 601.000 |
| Fasteignaskattur | 90.316 | 82.500 | 90.316 | 82.500 |
| Lóðarleiga | 27.248 | 27.000 | 27.248 | 27.000 |
| | 862.028 | 710.500 | 862.028 | 710.500 |
| **Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Útgjaldajöfnunarframlög | 109.832 | 88.800 | 109.832 | 88.800 |
| Framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda | 8.980 | 7.700 | 8.980 | 7.700 |
| Framlag vegna nýbúafræðslu | 3.190 | 2.800 | 3.190 | 2.800 |
| Almennt framlag til reksturs grunnskóla | 62.299 | 62.000 | 62.299 | 62.000 |
| Framlag vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti | 57.816 | 57.700 | 57.816 | 57.700 |
| Sérstök framlög | 4.723 | 0 | 4.723 | 0 |
| | 246.841 | 219.000 | 246.841 | 219.000 |
| **Aðrar tekjur** | | | | |
| Aðrar tekjur | 371.406 | 349.462 | 741.216 | 666.816 |
| | 371.406 | 349.462 | 741.216 | 666.816 |
| Rekstrartekjur samtals | 1.480.275 | 1.278.962 | 1.850.085 | 1.596.316 |

| **Álagningarhlutföll** | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Útsvar | 14,48% | 13,28% |
| Fasteignarskattar íbúðarhúsnæðis | 0,44% | 0,44% |
| Fasteignaskattar atvinnuhúsnæði og óbyggt land | 1,55% | 1,55% |

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2011 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, 1/2012 Flæði fjármagns vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Við yfirfærslu verkefnisins þá breyttist skattheimta ríkis og sveitarfélaga á samsvarandi hátt. Tekjuskattur ríkisins var lækkaður og útsvarsálagning sveitarfélaganna var hækkuð mótsvarandi 1,20 %. Fyrirkomulag fjárstreymis til sveitarfélaganna vegna þessa verkefnis er með þeim hætti að 0,95% af útsvarshækkuninni eru færð beint frá fjársýslu ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en 0,25% eru greidd til viðkomandi sveitarfélaga. Árið 2011 hafði þetta þau áhrif að útsvar hækkar um 61,5 milljónir króna en sama upphæð er færð til gjalda undir málaflokknum Félagsþjónusta.

Aðrar tekjur í sveitasjóð eru kr. 371 milljón, af því er hagnaður að fjárhæð kr. 151 milljón vegna nýtingu IV Iceland ehf. á vatni úr vatnslindum Snæfellsbæjar til átöppunar og annarrar vinnslu í fyrirhugaðri verksmiðju IV Iceland ehf. á Rifi.

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 2011 | Fjárhags-áætlun 2011 | 2011 | Fjárhags-áætlun 2011 |
| Laun og launatengd gjöld | 659.361 | 617.929 | 778.952 | 731.994 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 25.620 | 10.000 | 25.620 | 10.000 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 684.981 | 627.929 | 804.572 | 741.994 |

| | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|---|
| Stöðugildi að meðaltali | 136 | 134 | 136 | 137 |

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu um 22,8 milljónum króna.

## 5. Fjármunatekjur

| | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 2011 | Fjárhags-áætlun 2011 | 2011 | Fjárhags-áætlun 2011 |
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum | 4.088 | 1.000 | 5.727 | 1.331 |
| Arður af hlutabréfum | 330 | 55 | 371 | 55 |
| Vaxtatekjur af skuldabréfum | 32.913 | 5.795 | 1.510 | 5.795 |
| | 38.298 | 7.750 | 8.575 | 8.081 |

## 6. Fjármagnsgjöld

| | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 2011 | Fjárhags-áætlun 2011 | 2011 | Fjárhags-áætlun 2011 |
| Vaxtagjöld af skammtímalánum | 668 | 100 | 668 | 100 |
| Vaxtagjöld af langtímalánum | 92.351 | 83.000 | 126.053 | 147.672 |
| Önnur vaxtagjöld | 4.003 | 3.940 | 4.278 | 3.940 |
| | 97.022 | 87.040 | 130.999 | 151.712 |

## 7. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Fjárhags-áætlun | Hlutfall af heildar tekjum |
|---|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur | | 1.108.869 | 1.108.869 | 929.500 | 86,1% |
| Félagsþjónusta | 158.233 | 38.659 | (119.574) | (39.331) | -9,3% |
| Fræðslumál | 614.998 | 48.304 | (566.694) | (535.730) | -44,0% |
| Menningarmál | 40.593 | 5.942 | (34.651) | (35.860) | -2,7% |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 136.936 | 12.544 | (124.392) | (114.322) | -9,7% |
| Brunamál og almannavarnir | 14.015 | 0 | (14.015) | (15.772) | -1,1% |
| Hreinlætismál | 27.325 | 20.344 | (6.981) | (8.623) | -0,5% |
| Skipulags- og byggingarmál | 53.882 | 12.168 | (41.714) | (44.216) | -3,2% |
| Samgöngumál | 29.712 | 5.534 | (24.178) | (12.760) | -1,9% |
| Umhverfismál | 31.575 | 0 | (31.575) | (21.493) | -2,5% |
| Atvinnumál | 6.189 | 1.522 | (4.667) | (3.750) | -0,4% |
| Sameiginlegur kostnaður | 98.414 | 34.621 | (63.794) | (62.163) | -5,0% |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 25.620 | 0 | (25.620) | (15.615) | -2,0% |
| Óreglulegir liðir | 1.326 | 0 | (1.326) | (1.330) | -0,1% |
| Fjármagnsliðir | 97.022 | 108.683 | 11.660 | (15.040) | 0,9% |
| Aðalsjóður samtals | 1.335.841 | 1.397.189 | 61.348 | 3.495 | 4,8% |
| **A-hluta stofnanir:** | | | | | |
| Eignasjóður | 169.592 | 282.238 | 112.646 | 122.463 | |
| Þjónustumiðstöð | 46.718 | 46.718 | 0 | 1.904 | |
| Innri færslur Sveitarsjóðs | (137.188) | (137.188) | 0 | 0 | |
| Sveitarsjóður samtals | 1.414.963 | 1.588.958 | 173.995 | 127.862 | |

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Fjárhags-áætlun |
|---|---|---|---|---|
| **B-hluta stofnanir:** | | | | |
| Hafnarsjóður | 105.575 | 175.789 | 70.215 | 37.251 |
| Fráveita | 56.571 | 62.330 | 5.759 | 6.387 |
| Félagsheimilið Klif | 17.899 | 12.787 | (5.112) | (3.170) |
| Félagsheimilið Röst | 7.326 | 5.896 | (1.430) | (875) |
| Húsnæðisnefnd | 29.917 | 18.538 | (11.379) | (16.930) |
| Íbúðir með hlutareign | 12.619 | 6.368 | (6.251) | (6.870) |
| Dvalarheimilið Jaðar | 110.876 | 101.303 | (9.573) | (19.525) |
| Innri færslur samantekinn ársr | (13.200) | (13.200) | 0 | 0 |
| | 327.582 | 369.810 | 42.228 | (3.732) |
| Samantekt samtals | 1.742.545 | 1.958.768 | 216.222 | 124.130 |

# Skýringar

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

### Sveitarsjóður

| | Fasteignir og byggingarland | Lóðir og lendur | Gatna-kerfi | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 1.512.727 | 824.694 | 147.982 | 154.252 | 2.639.655 |
| Endurmat lóða og lenda | 0 | (28.400) | 0 | 0 | (28.400) |
| Eignfært á árinu | 42.219 | 9.799 | 26.323 | 9.951 | 88.292 |
| Staða í árslok | 1.554.946 | 806.093 | 174.305 | 164.203 | 2.699.547 |
| **Afskriftir** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 826.685 | 36.591 | 9.224 | 66.500 | 939.000 |
| Afskrift ársins | 23.483 | 4.975 | 3.163 | 15.014 | 46.635 |
| Staða í árslok | 850.168 | 41.566 | 12.387 | 81.514 | 985.635 |
| **Bókfært verð** | | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 686.042 | 788.103 | 138.758 | 87.752 | 1.700.655 |
| Bókfært verð í árslok | 704.778 | 764.527 | 161.918 | 82.689 | 1.713.912 |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 2% | 5-20% | 4% | |

### Samantekinn ársreikningur

| | Fasteignir og lóðir gatnakerfi | Veitukerfi og vatnslögn | Hafnar-mannvirki | Vélar, áhöld og tæki ofl | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 3.241.831 | 784.121 | 560.394 | 180.087 | 4.766.432 |
| Endurmat lóða og lenda | (28.400) | 0 | 0 | 0 | (28.400) |
| Eignfært á árinu | 168.487 | 7.359 | 43.911 | 12.223 | 231.979 |
| Staða í árslok | 3.381.917 | 791.480 | 604.304 | 192.310 | 4.970.011 |
| **Afskriftir** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 1.137.880 | 388.539 | 147.618 | 85.114 | 1.759.151 |
| Afskrift ársins | 48.300 | 13.148 | 17.122 | 16.487 | 95.057 |
| Staða í árslok | 1.186.180 | 401.687 | 164.740 | 101.601 | 1.854.208 |
| **Bókfært verð** | | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 2.103.951 | 395.582 | 412.776 | 94.973 | 3.007.282 |
| Bókfært verð í árslok | 2.195.738 | 389.793 | 439.564 | 90.709 | 3.115.804 |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 2% | 3% | 10-20% | |

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (framhald)

Fasteignamat og vátryggingamat eigna sveitarfélagsins skiptist þannig:

| **Sveitarsjóður** | Fasteignamat | Vátrygginga- mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Skólahúsnæði | 209.699 | 1.072.440 | 236.465 |
| Leikskólahúsnæði | 46.325 | 185.650 | 117.614 |
| Íþróttamannvirki | 261.480 | 1.071.650 | 194.694 |
| Annað húsnæði | 215.419 | 501.000 | 151.806 |
| | 732.923 | 2.830.740 | 700.580 |
| **B-hluta** | | | |
| Húsnæðisnefnd | 360.365 | 635.920 | 189.474 |
| Dvalarheimili | 101.110 | 414.550 | 169.748 |
| Hafnarsjóður | 16.278 | 2.248.742 | 440.937 |
| Annað húsnæði | 175.570 | 598.232 | 201.784 |
| | 653.323 | 3.897.444 | 1.001.943 |
| **Samantekinn ársreikningur** | 1.386.246 | 6.728.184 | 1.702.523 |

## 9. Eignarhlutar í félögum

| | Hlutdeild | Nafnverð | Sveitarsjóður 31.12.2011 Bókfært verð | Samantekinn 31.12.2011 Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| **Eignarhlutar í félögum:** | | | | |
| Sorpurðun Vesturlands hf. | | 2.861 | 2.861 | 2.861 |
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf | 1,77% | 88.300 | 156.449 | 156.449 |
| Landskerfi bókasafna | | 461 | 461 | 461 |
| Símenntunarstöð Vesturlands | | 215 | 215 | 215 |
| Stofnframlag Iðnþróunarsjóður | | | 13 | 13 |
| Orkuveita Staðarsveitar | 64,83% | 15.511 | 20.011 | 20.011 |
| Jeratún ehf. | 44,00% | 65.338 | 67.313 | 67.313 |
| Þróunarfélag Snæfellinga ehf. | 5,68% | 500 | 500 | 500 |
| Fiskmarkaður Íslands hf. | | 45 | | 45 |
| | | 173.231 | 247.823 | 247.868 |

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 231.967 | 220.967 |
| Keypt á árinu | 15.901 | 11.000 |
| Staða í árslok | 247.868 | 231.967 |

## 10. Aðrar langtímakröfur

| | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|
| | 2011 | 2010 |
| Staða í ársbyrjun | 8.374 | 12.317 |
| Innborganir á árinu | (3.565) | (4.141) |
| Verðbreytingar | 216 | 198 |
| Staða í árslok | 5.025 | 8.374 |
| Næsta árs afborgun | (432) | (2.336) |
| | 4.593 | 6.038 |

## 11. Aðrar peningalegar eignir

**Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur**

| | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Óinnheimtar útsvarstekjur | 92.397 | 75.124 | 92.397 | 75.124 |
| Óinnheimtar aðrar tekjur | 74.833 | 64.264 | 93.906 | 88.586 |
| Óbein niðurfærsla | (33.900) | (33.900) | (39.800) | (38.500) |
| | 133.329 | 105.488 | 146.503 | 125.210 |

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

**Aðrar skammtímakröfur**

| | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Aðrar skammtímakröfur | 432 | 5.667 | 432 | 7.376 |
| Virðisaukaskattur | 0 | 4.620 | 0 | 4.620 |
| | 432 | 10.287 | 432 | 11.996 |

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

| | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Bankainnistæður í íslenskum krónum | 101.271 | 99.387 | 157.570 | 140.477 |
| | 101.271 | 99.387 | 157.570 | 140.477 |

## 12. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

| | Sveitarsjóður 2011 | Samantekinn árs 2011 |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1. 2011 | 1.372.383 | 1.715.213 |
| Endurmat lóða og lenda | (28.400) | (28.400) |
| Rekstrarafkoma ársins | 173.995 | 216.222 |
| Eigið fé 31.12. 2011 | 1.517.977 | 1.903.035 |

## 13. Lífeyrisskuldbinding

Á Snæfellsbæ hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbindingin nemur um 367 milljón krónum samkvæmt mati tryggingastærðfræðings.

| | **Árið 2011** | | **Árið 2010** | |
|---|---|---|---|---|
| | Sveitarsjóður | Samantekinn árs. | Sveitarsjóður | Samantekinn árs |
| Lífeyrisskuldbindingar frá fyrra ári | 348.925 | 348.925 | 342.622 | 342.622 |
| Hækkun ársins | 25.620 | 25.620 | 13.324 | 13.324 |
| Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar á árinu | (7.385) | (7.385) | (7.021) | (7.021) |
| Lífeyrisskuldbindingar í árslok | 367.159 | 367.159 | 348.925 | 348.925 |

## 14. Langtímalán

**Samantekinn ársreikningur**

| | Skuldir við lánastofnanir 31.12.2011 | Skuldir við lánastofnanir 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Skuldir í USD | 17.187 | 20.142 |
| Skuldir í ISK | 1.257.500 | 1.324.477 |
| | 1.274.687 | 1.344.619 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (127.976) | (136.134) |
| Langtímaskuldir í árslok | 1.146.711 | 1.208.485 |

## 14. Langtímalán (framhald)

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | Skuldir við lánastofnanir |
|---|---|
| Næsta árs afborganir | 127.976 |
| Afborganir 2013 | 129.889 |
| Afborganir 2014 | 116.164 |
| Afborganir 2015 | 114.098 |
| Afborganir 2016 | 110.213 |
| Afborganir síðar | 676.347 |
| | 1.274.687 |

## 15. Búseturéttur

| | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Staða í ársbyrjun | 11.512 | 11.219 |
| Útborgaður búseturéttur | (5.972) | 0 |
| Innborgaður búseturéttur | 2.952 | 0 |
| Verðbreytingar | 600 | 293 |
| Staða í árslok | 9.091 | 11.512 |

## 16. Aðrar peningalegar skuldir

| **Viðskiptaskuldir** | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Viðskiptaskuldir | 60.008 | 39.306 | 67.696 | 58.563 |
| | 60.008 | 39.306 | 67.696 | 58.563 |

| **Aðrar skammtímaskuldir** | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 3.858 | 2.856 | 3.858 | 2.856 |
| Áfallnir ógreiddir vextir | 18.642 | 19.343 | 20.167 | 21.901 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 30.228 | 24.553 | 33.844 | 27.529 |
| | 52.728 | 46.752 | 57.869 | 52.285 |

| **Næsta árs afborganir langtímaskulda** | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Skuldir við lánastofnanir | 127.976 | 136.134 |
| | 127.976 | 136.134 |

## 17. Gjaldmiðlaáhætta

Sveitarfélagið býr við gjaldmiðlaáhættu lántöku í erlendum gjaldmiðlum.

Bókfært verð eigna og skulda sem háðar eru gengisáhættu greinist þannig:

| | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Erlendar langtímaskuldir | 17.187 | 20.142 | 17.187 | 20.142 |
| | 17.187 | 20.142 | 17.187 | 20.142 |

Sundurliðun erlendra langtímaskulda á gjaldmiðla má sjá í skýringu 14.

## 18. Ábyrgðir

Sveitarfélög á Snæfellsnesi stofnuðu einkahlutafélag sem heitir Jeratún ehf. á árinu 2004. Tilgangur félagsins er bygging og útleiga á Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Jeratún ehf. tók lán vegna byggingar skólans og eftirstöðvar þessara lána eru um 479 milljónir króna í árslok 2011, Snæfellsbær er í ábyrgð fyrir 43,99% af þessari fjárhæð eða 211 milljónum króna í árslok 2011.

Sveitarfélög á Vesturlandi stofnuðu hlutafélag sem heitir Sorpurðun Vesturlands hf. á árinu 1997. Tilgangur félagsins er móttaka og urðun sorps og er starfsemin rekin á Fíflholti á Mýrum. Ábyrgð Snæfellsbæjar vegna skulda Sorpurðunar Vesturlands hf. er allt að 4,5 milljónum króna í árslok 2011.

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings nema um 27 milljónum króna. Ábyrgðir þessar voru samþykktar af bæjarstjórn með einfaldri bæjarábyrgð. Þessar ábyrgðir eru vegna sölu hlutabréfa í Snæfell hf. til KEA, núverandi skuldari bréfanna er Straumur hf. kt. 701086-1399. Krafa Byrs sparisjóðs um greiðslu skuldabréfa sem ekki fengust greidd frá Straumi Burðaráss fjárfestingabanka hf. en voru með sjálfskuldarábyrgð Snæfellsbæjar. Upphaflega var um að ræða 3 skuldabréf. Er eitt þeirra er uppgreitt, samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra KEA, það var greitt upp á árinu 2004. Snæfellsbær greiddi upp annað bréfið árið 2010 og fékk á móti UNITS í Straum sem greiðast á næstu árum, þriðja bréfið að fjárhæð ca. kr. 27 milljónir er ógreitt. Þó er BYR búinn að fá greiðslu frá Straumi (UNITS) vegna þess samkvæmt samkomulagi. Snæfellsbær hefur haldið því fram að sjálfskuldarábyrgð á kr. 27 millj. bréfinu sé niður fallinn og er beðið niðurstöðu þess máls gagnvart Byr. Á bak við bréfin stóð upphaflega bakábyrgð KEA í formi veðsettra hlutabréfa. Ágreiningur er á milli Snæfellsbæjar og KEA varðandi þá ábyrgð. Fari þessi mál á versta veg þá áætlar lögfræðingur félagsins kostnað vegna þess ca. kr. 27 millj. Lögfræðingur félagsins er hins vegar vongóður um það að ekki falli á Snæfellsbæ ábyrgð vegna tveggja hærri skuldabréfanna en niðurstaða er ekki fengin vegna þeirra.

Mikil óvissa er um hvort eða hvað mikið af ábyrgðum gæti lent á Snæfellsbæ. Snæfellsbær hefur greitt 16 milljónir vegna þessara ábyrgða og hafa þær verið gjaldfærðar. Varúðarniðurfærsla að fjárhæð 2 milljónir króna að auki hefur verið færð í ársreikning sveitarfélagsins.

## 19. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í bæjarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Öll viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og í viðskiptum við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

# Skýringar

## 20. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á fundi bæjarstjórnar þann 2012.

## 21. Kennitölur

| | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 2011 | Fjárhags-áætlun 2011 | 2011 | Fjárhags-áætlun 2011 |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | | | | |
| Skatttekjur | 58,23% | 55,55% | 46,59% | 44,51% |
| Framlög jöfnunarsjóðs | 16,68% | 17,12% | 13,34% | 13,72% |
| Skatttekjur samtals | 74,91% | 72,68% | 59,94% | 58,23% |
| Aðrar tekjur | 25,09% | 27,32% | 40,06% | 41,77% |
| | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% |
| Laun og launatengd gjöld | (46,27%) | (49,10%) | (43,49%) | (46,48%) |
| Annar rekstrarkostnaður án afskrifta | (34,85%) | (31,58%) | (33,07%) | (31,19%) |
| Rekstrarafkoma fyrir afskriftir | 18,87% | 19,33% | 23,44% | 22,33% |
| Afskriftir | (3,15%) | (3,13%) | (5,14%) | (5,55%) |
| Fjármagnsliðir, nettó | (3,97%) | (6,20%) | (6,62%) | (9,00%) |
| Rekstrarafkoma | 11,75% | 10,00% | 11,69% | 7,78% |
| Handbært fé frá rekstri | 18,48% | 14,19% | 21,68% | 16,65% |
| Fjárfestingahreyfingar | (10,72%) | (8,32%) | (13,18%) | (14,76%) |

## 21. Kennitölur (framhald)

**Á íbúa:**

| Rekstur: | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur og jöfnunarsjóður | 639 | 536 | 639 | 536 |
| Aðrar tekjur | 214 | 201 | 427 | 384 |
| Rekstrartekjur samtals | 853 | 737 | 1.066 | 920 |
| Rekstrargjöld og fjármagnsliðir | (753) | (663) | (942) | (849) |
| Rekstrarafkoma ársins | 100 | 74 | 125 | 72 |

| | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| **Á íbúa:** | 2011 | 2010 | 2011 | 2010 |
| Efnahagur: | | | | |
| Eignir | 1.654 | 1.595 | 2.120 | 2.048 |
| Eigið fé | 875 | 796 | 1.097 | 995 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 212 | 202 | 212 | 202 |
| Skuldir með skuldbindingum | 779 | 799 | 1.023 | 1.053 |
| Skuldir án skuldbindinga | 568 | 597 | 812 | 851 |
| Skuldir að frádregnum peningalegum eignum | 607 | 634 | 845 | 888 |

| **Á íbúa:**<br>Ur sjóðstreymi: | Sveitarsjóður<br>2011 | Samantekinn<br>2011 |
|---|---|---|
| Veltufé frá rekstri | 153 | 227 |
| - í hlutfalli (%) við skuldir án skuldbindinga | 27% | 28% |
| - mælt í árum | 4 | 4 |
| Handbært fé frá rekstri | 158 | 231 |
| - í hlutfalli (%) við langtímaskuldir | 28% | 28% |
| - mælt í árum | 4 | 4 |

## 21. Kennitölur (framhald)

| Aðrar lykiltölur: | Sveitarsjóður 2011 | Sveitarsjóður 2010 | Samantekinn ársreikningur 2011 | Samantekinn ársreikningur 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir. | 1,35 | 1,40 | 1,23 | 1,16 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé / heildarfjármagn................. | 52,89% | 49,90% | 51,73% | 48,57% |

| Kostnaður per stöðugildi: | Samantekinn ársreikningur 2011 | Samantekinn ársreikningur 2010 |
|---|---|---|
| Launakostnaður per stöðugildi........................................................................................ | 5.728 | 5.111 |

**Fimm ára yfirlit sveitarsjóðs:**

| Íbúafjöldi þann 1 desember: | Árið 2011 | Árið 2010 | Árið 2009 | Árið 2008 | Árið 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| Í ársbyrjun...................................... | 1.724 | 1.701 | 1.717 | 1.703 | 1.702 |
| Breyting á árinu.............................. | 11 | 23 | (16) | 14 | 1 |
| Í árslok.......................................... | 1.735 | 1.724 | 1.701 | 1.717 | 1.703 |

**Í hlutfalli við rekstrartekjur**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur ...................................... | 58,23% | 61,74% | 59,35% | 50,69% | 51,90% |
| Framlög jöfnunarsjóðs ................. | 16,68% | 21,27% | 23,50% | 25,66% | 30,60% |
| Skatttekjur samtals......................... | 74,91% | 83,01% | 82,85% | 76,62% | 52,50% |
| Aðrar tekjur .................................... | 25,09% | 16,99% | 17,15% | 23,38% | 17,50% |
| | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld.............. | 46,27% | 50,99% | 51,56% | 43,78% | 46,10% |
| Annar rekstrarkostnaður............... | 34,85% | 36,47% | 37,79% | 29,69% | 28,10% |
| Rekstrarafkoma fyrir afskriftir....... | 15,72% | 12,54% | 10,65% | 26,53% | 15,20% |
| Afskriftir......................................... | 3,15% | 3,42% | 3,52% | 2,54% | 2,50% |
| Rekstrargjöld.................................. | 84,28% | 90,88% | 92,87% | 76,01% | 82,30% |
| Fjármagnsliðir, nettó..................... | (3,97%) | (2,99%) | (5,19%) | (13,93%) | (6,20%) |
| Rekstrarafkoma.............................. | 11,75% | 6,12% | 1,95% | 10,05% | 11,40% |

## 21. Kennitölur (framhald)

**Í þúsundum króna á íbúa á verðlagi hvers árs:**

| | Árið 2011 | Árið 2010 | Árið 2009 | Árið 2008 | Árið 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur:** | | | | | |
| Skatttekjur | 497 | 431 | 403 | 359 | 332 |
| Jöfnunarsjóður | 142 | 154 | 160 | 181 | 197 |
| Aðrar tekjur | 214 | 113 | 116 | 165 | 112 |
| | 853 | 698 | 679 | 705 | 641 |
| Laun og launatengd gjöld | (395) | (356) | (350) | (308) | (295) |
| Annar rekstrarkostnaður | (297) | (255) | (256) | (209) | (217) |
| Afskriftir | (27) | (24) | (24) | (18) | (16) |
| Fjármagnsliðir, nettó | (34) | (21) | (35) | (98) | (40) |
| | (753) | (656) | (665) | (633) | (568) |
| Rekstrarafkoma | 100 | 42 | 14 | 72 | 73 |

| **Efnahagur:** | Árið 2011 | Árið 2010 | Árið 2009 | Árið 2008 | Árið 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| Eignir | 1.654 | 1.595 | 1.239 | 1.152 | 981 |
| Eigið fé | 875 | 796 | 384 | 367 | 228 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 212 | 202 | 201 | 187 | 175 |
| Skuldir án skuldbindingum | 568 | 597 | 654 | 598 | 578 |
| **Sjóðstreymi:** | | | | | |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | 158 | 78 | 100 | 175 | 128 |
| **Aðrar lykiltölur:** | | | | | |
| Veltufjárhlutfall | 1,35 | 1,40 | 1,42 | 1,69 | 1,66 |
| Eiginfjárhlutfall | 52,89% | 49,90% | 30,96% | 31,85% | 23,18% |

| | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 2011 | 2010 | 2011 | 2010 |
| Rekstrarafkoma fyrir afskriftir og vexti (EBITDA) | 279.354 | 150.952 | 433.704 | 295.190 |
| Framlegðarhlutfall rekstrar | 18,87% | 12,54% | 23,44% | 18,93% |
| Hlutfall reglulega tekna af heildar skuldum og skuldbindingum | 101,78% | 114,45% | 104,55% | 116,45% |

## 22. Samanburður rekstraráætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2011 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og endurskoðaðri fjárhagsáætlun. Endurskoðuð fjárhagsáætlun er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreiknings til samanburðar við rauntölur ársins.

| | Sveitarsjóður | | | Samantekinn ársreikningur | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Upphafsleg fjárhags-áætlun | Breytingar á fjárhags-áætlun | Endursk. fjárhags-áætlun | Upphafsleg fjárhags-áætlun | Breytingar á fjárhags-áætlun | Endursk. fjárhags-áætlun |
| **Rekstrartekjur** | | | | | | |
| Útsvar og fasteignaskattur | 660.500 | 50.000 | 710.500 | 660.500 | 50.000 | 710.500 |
| Framlag úr jöfnunarsjóð | 206.880 | 12.120 | 219.000 | 206.880 | 12.120 | 219.000 |
| Aðrar tekjur | 169.487 | 179.975 | 349.462 | 251.727 | 415.089 | 666.816 |
| | 1.036.867 | 242.095 | 1.278.962 | 1.119.107 | 477.209 | 1.596.316 |
| **Rekstrartekjur** | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | (598.452) | (29.477) | (627.929) | (602.541) | (139.453) | (741.994) |
| Annar rekstrarkostnaður | (375.890) | (27.964) | (403.854) | (399.674) | (98.235) | (497.909) |
| Afskriftir | (39.785) | (242) | (40.027) | (66.010) | (22.642) | (88.652) |
| | (1.014.127) | (57.684) | (1.071.810) | (1.068.225) | (260.331) | (1.328.555) |
| Rekstrarafkoma án fjármuna-tekna og jármagnsgjalda | 22.740 | 184.412 | 207.152 | 50.882 | 216.879 | 267.761 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | (57.790) | (21.500) | (79.290) | (107.390) | (36.241) | (143.631) |
| Rekstrarafkoma | (35.050) | 162.912 | 127.862 | (56.508) | 180.638 | 124.130 |

## 23. Samanburður sjóðstreymisáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2011 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og endurskoðaðri fjárhagsáætlun. Endurskoðuð fjárhagsáætlun er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreiknings til samanburðar við rauntölur ársins.

| | Sveitarsjóður | | | Samantekinn ársreikningur | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Upphafsleg fjárhags-áætlun | Breytingar á fjárhags-áætlun | Endursk. fjárhags-áætlun | Upphafsleg fjárhags-áætlun | Breytingar á fjárhags-áætlun | Endursk. fjárhags-áætlun |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | |
| Rekstrarafkoma ársins | (35.050) | 162.912 | 127.862 | (56.508) | 180.638 | 124.130 |
| Afskriftir | 39.785 | 242 | 40.027 | 66.010 | 22.642 | 88.652 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 10.000 | 0 | 10.000 | 10.000 | 0 | 10.000 |
| Verðbætur og gengismunur af langtímaskuldum | 14.231 | 11.684 | 25.915 | 65.890 | 0 | 65.890 |
| **Veltufé frá rekstri** | 28.966 | 174.838 | 203.804 | 85.392 | 203.280 | 288.672 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun | (1.776) | 0 | (1.776) | 1.854 | 0 | 1.854 |
| Rekstrartengdar skuldir (lækkun) | (20.523) | 0 | (20.523) | (24.675) | 0 | (24.675) |
| **Handbært fé frá rekstri** | 6.667 | 174.838 | 181.505 | 62.571 | 203.280 | 265.851 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | | |
| Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum | (56.393) | (50.000) | (106.393) | (125.393) | (110.251) | (235.644) |
| | (56.393) | (50.000) | (106.393) | (125.393) | (110.251) | (235.644) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | |
| Fjármögnunarhreyfingar | 14.000 | (159.507) | (145.507) | (56.445) | (50.000) | (106.445) |
| | 14.000 | (159.507) | (145.507) | (56.445) | (50.000) | (106.445) |
| Hækkun (lækkun) handbærs fjárs | (35.726) | (34.669) | (70.395) | (119.267) | 43.029 | (76.238) |
| Handbært fé í upphafi árs | 99.387 | | 99.387 | 140.478 | | 140.478 |
| Handbært fé í lok árs | 63.661 | (34.669) | 28.992 | 21.211 | 43.029 | 64.240 |